# Þriðjudagur 4. apríl

## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Veistu hver Amadou er?** Annar þáttur. Amadou er lítill strákur frá Gambíu sem býr í Noregi og í þessari mynd er fylgst með honum á afmælisdaginn hans. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Þulur Hallur Helgason. (Nordvision – Norska sjónvarpið).
18.20 **Freddi og félagar.** (Ferdi). Þýsk teiknimynd um maurinn Fredda og félaga hans. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Poppkorn – endursýndur þáttur frá 22. mars.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.25 **Íslandsmótið í dansi.** Frjáls aðferð. Endursýndur þáttur frá 1. apríl sl.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Matarlist.** Umsjón Sigmar B. Hauksson.
20.55 **Á því herrans ári 1972.** Edda Andrésdóttir og Árni Gunnarsson skoða atburði ársins í nýju ljósi.
22.00 **Óvænt málalok** (A Guilty Thing Surprised). Fyrsti þáttur. Bresk sakamálamynd í þremur þáttum gerð eftir sögu Ruth Rendell. Leikstjóri Mary McMurray. Aðalhlutverk George Baker og Christopher Ravenscroft. Lík ungrar stúlku finnst úti í skógi og tekur Wesford lögregluforingi málið að sér. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.**
16.30 **Krydd í tilveruna.** A Guide for the Married Man. Gamanmynd um hamingjusamlega giftan mann sem ákveður að halda fram hjá eiginkonunni. Aðalhlutverk: Walter Matthau, Inger Stevens, Robert Morse, Sue Anne Langdon, Lucille Ball, Jack Benny, Art Carney, Joey Bishop, Sid Ceasar, Jayne Mansfield, Terry-Thomas o.fl.
18.00 **Feldur.** Teiknimynd með íslensku tali um heimilislausa en fjöruga hunda og ketti.
18.25 **Elsku Hobo.** Á næstu þriðjudögum verða sýndir þættir með hinum vingjarnlega hundi, Hobo, sem er ávallt reiðubúinn að aðstoða þá sem eru hjálparþurfi. Hinn þýski fjárhundur er hugrakkur og fljótur að stofna til vinskapar þeirra sem verða á vegi hans en hann er húsbóndalaus og því frjáls ferða sinna.
18.55 **Myndrokk.** Góð blanda af tónlistarmyndböndum.
19.19 **19:19.** Heil klukkustund af fréttaflutningi ásamt fréttatengdu efni.
20.30 **Leiðarinn.** Í þessum þáttum mun Jón Óttar beina spjótum að þeim málefnum sem Stöð 2 telur varða þjóðina mestu á hverjum tíma.
20.45 **Íþróttir á þriðjudegi.** Íþróttaþáttur með blönduðu efni víða að.
21.40 **Hunter.** Vinsæll spennumyndaflokkur.
22.25 **Jazz.** Chet Baker. Trompetleikarinn Chet Baker fæddist árið 1929 og hefur víða komið við á ferli sínum. Í þættinum koma fram sérstakir aðdáendur Chets Baker, þeir Van Morrison og Elvis Costello sem syngur þrjú lög.
23.25 **Fjarstýrð örlög.** Videodrome. Hryllingsmyndahöfundurinn David Cronenberg er leikstjóri þessarar myndar og hún ætti að fá hárin til þess að rísa á fólki. Illskeytt ofsóknarvera býr í sjónvarpsþætti og er þeim krafti gædd að ná tangarhaldi á þeim sem koma fram í þættinum. Aðalhlutverk: James Woods og Deborah Harry. Alls ekki við hæfi barna.
0.45 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn. Séra Yrsa Þórðardóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randveri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn – „Agnarögn"** eftir Pál H. Jónsson. Heimir Pálsson, Hildur Heimisdóttir og höfundur lesa (8.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Í pokahorninu.** Sigríður Pétursdóttir gefur hlustendum holl ráð varðandi heimilishald.
9.40 **Landpósturinn** – Frá Vesturlandi. Umsjón: Einar Kristjánsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað á miðnætti.)
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Streita. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Riddarinn og drekinn" eftir John Gardner. Þorsteinn Antonsson þýddi. Viðar Eggertsson les. (2.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Magnús Ólafsson sem velur uppáhaldslögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Mannréttindadómstóll Evrópu.** Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá 22. mars sl.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Meðal efnis er bók vikunnar „Hetjan frá Afríku" eftir N. Hydén, í þýðingu Magnúsar Davíðssonar. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Liszt, Kodaly og Brahms.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá** – Skáldið með trompetinn. Friðrik Rafnsson ræðir um franska djassgeggjarann og rithöfundinn Boris Vian. (Einnig útvarpað á föstudagsmorgun kl. 9.30.)
20.00 **Litli barnatíminn** – „Agnarögn" eftir Pál H. Jónsson. Heimir Pálsson, Hildur Heimisdóttir og höfundur lesa. (8.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Kirkjutónlist** – Gounod, Britten og Mendelssohn.
21.00 **Kveðja að norðan.** Úrval svæðisútvarpsins á Norðurlandi í liðinni viku. Umsjón: Kristján Sigurjónsson og Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri.)
21.30 **Útvarpssagan:** „Heiðaharmur" eftir Gunnar Gunnarsson. Andrés Björnsson les. (12.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Leikrit:** „Dægurvísa" eftir Jakobínu Sigurðardóttur. Þriðji og lokaþáttur: Kvöld. Leikstjóri: Bríet Héðinsdóttir. Útvarpshandrit: Höfundur og leikstjóri. Leikendur: Gísli Alfreðsson, Margrét Guðmundsdóttir, Helga Bachmann, Steinunn Jóhannesdóttir, Sigurður Skúlason, Þórhallur Sigurðsson, Guðrún Alfreðsdóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Sigurður Karlsson, Pétur Einarsson, Sigríður Hagalín, Kristín Jónsdóttir, Karl Stefánsson, Helga Harðardóttir, Guðmundur Þór Guðmundsson og Skúli Helgason. (Áður flutt í júlí 1974.) (Einnig útvarpað nk. fimmtudag kl. 15.03.)
23.25 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska tónlist. Jónas Tómasson – síðari hluti.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

1.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. Útkíkkið upp úr kl. 14 og Auður Haralds talar frá Róm. – Hvað gera bændur nú?
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími Þjóðarsálarinnar er 91 38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Vernharður Linnet verður við hljóðnemann.
21.30 **Hátt og snjallt.** Enskukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Annar þáttur. (Einnig útvarpað á fimmtudagskvöld kl. 21.30.)
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
1.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8,00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Réttum megin framúr með Bylgjunni – Þægileg morguntónlist. Kíkt í blöðin og litið til veðurs. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Allt í einum pakka – hádegis- og kvöldtónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. – Potturinn kl. 11. Brávallagatan milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Síðdegistónlist eins og hún gerist best. Síminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri músík og minna mas.
20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
22.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg kvöldtónlist.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson** vaknar hress og vekur hlustendur með skemmtilegri tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og tekur púlsinn á ýmsum málum. Fréttir kl. 8.00 og fréttayfirlit kl. 8.45.
10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.** Hver vinnur 10.000 kallinn? Sá eða sú sem hringir í síma 681900 og er hlustandi númer 102, vinnur 10.000 krónur í beinhörðum peningum. Helgi spilar að sjálfsögðu nú sem fyrr öll nýjustu lögin og kryddar blönduna hæfilega með gömlum góðum lummum.
14.00 **Gísli Kristjánsson** spilar óskalögin og rabbar við hlustendur. Síminn er 681900.
18.00 **Af líkama og sál.** Bjarni Dagur Jónsson stýrir þætti sem fjallar um okkur sjálf, manneskjuna og hvernig best er að öðlast andlegt öryggi, skapa líkamlega vellíðan og sálarlegt jafnvægi. Af líkama og sál er opinn vettvangur fyrir skoðanaskipti og þú getur komið með þína spurningu til viðmælanda Bjarna Dags.
19.00 **Setið að snæðingi.** Þægileg tónlist á meðan hlustendur snæða kvöldmatinn.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson og Sigursteinn Másson.** Þessir tveir bráðhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óskalagasíminn sem fyrr 681900.
24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 8.45.

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Kjartan Pálmarsson** með öll bestu lögin, innlend og erlend.
23.00 **Þráinn Brjánsson** fylgir Hljóðbylgjuhlustendum inn í nóttina, þægileg tónlist ræður ríkjum undir lokin.
1.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.00 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga.
13.30 **Nýi tíminn.** Bahá'ísamfélagið á Íslandi. E.
14.00 **Í hreinskilni sagt.** E.
15.00 **KAKÓ.** Tónlistarþáttur.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Kvennalistinn.** Þáttur á vegum þingflokks Kvennalistans.
17.30 **Samtök græningja.**
18.00 **Hanagal.** Umsjón: Félag áhugafólks um franska tungu.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
20.00 **FES.** Unglingaþáttur. Kalli og Kalli.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga. E.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt** Meðal efnis. Kl. 2.00. Prógramm. E.

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MH.**
14.00 **MH.**
16.00 **FB.**
18.00 **FG.**
20.00 **MH.**
22.00 **IR.**
24.00 **MS.**
02.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Halló Hafnarfjörður.** Halldór Árni með fréttir úr Firðinum, viðtöl og fjölbreytta tónlist.
19.00–23.00 **Útvarpsklúbbur Lækjarskóla.**



**Friðrik Rafnsson verður með þátt um Boris Vian á rás 1 í kvöld.**

### Rás 1 kl. 19.32:

# Kviksjá

## – Skáldið með trompetinn

Í Kviksjá í kvöld bregður Friðrik Rafnsson upp mynd af franska háðfuglinum og djassgeggjaranum Boris Vian, en um þessar mundir eru liðin þrjátíu ár síðan hann lést.

Boris Vian var einn ástsælasti og umdeildasti rithöfundur Parísar eftirstríðsáranna og lét eftir sig djasslög, ljóð, leikrit og skáldsögur sem njóta sívaxandi vinsælda um allan heim.

-J.Mar

### Rás 1 kl. 15.03:

# Mannréttinda-sáttmáli Evrópu

Sameinuðu þjóðirnar og Evrópuráðið hafa mannréttindavernd á stefnuskrá sinni, meðal annars vegna mannréttindarbrota í síðari heimsstyrjöldinni sem við þekkjum öll.

Mannréttindasáttmáli Evrópuráðsins er bindandi fyrir Íslendinga. Þar eru tryggð margs konar réttindi, sá sem telur sig verða fyrir broti á þessum ákvæðum getur kært til Strassborgar. Allmargar slíkar kærur hafa komið frá Íslandi og er fyrst fjallað um þær í mannréttindanefnd Evrópu en þar á sæti einn Íslendingur, Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis. Nokkrar af kærunum, sem nefndinni berast, ganga síðar til Mannréttindadómstólsins þó engin íslensk kæra hafi fengið þá meðferð ennþá. Í dómnum á sæti einn Íslendingur, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari.

Í þættinum er fjallað um heimspekilegar og sögulegar forsendur mannréttindaákvæða nútímans, mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindarsáttmála Evrópu. Þá verða rakin nokkur af athyglisverðustu málum sem dómstóllinn í Strassborg hefur fjallað um.

-J.Mar



**Hundurinn Hobo er húsbóndalaus og því frjáls ferða sinna.**

### Stöð 2 kl. 18.25:

# Elsku Hobo

## – nýr framhaldsmyndaflokkur

Næstu þriðjudaga verða sýndir þættir með hinum, vingjarnlega hundi, Hobo.

Hobo er alltaf reiðubúinn að aðstoða þá sem eru hjálparþurfi. Hinn þýski fjárhundur er hugrakkur og fjótur að stofna til vinskapar við þá sem verða á vegi hans en hann er húsbóndalaus og því frjáls ferða sinna. Alltaf er eitthvað spennandi að gerast í kringum Hobo og ævintýrin eru vanalega skammt undan.

Hér er á ferðinni hugljúf mynd fyrir börnin.